

Nr. 50/1903:

Uppgjafaprestur Jón Bjarnason  
 gegn  
 Jóni Brynjólfssyni.

## D ó m u r:

Í vottorði, útgefnu af áfryjanda ásamt öðrum manni 10. febr. f. á., sem sent var til ráðgjafans fyrir Ísland með erindi viðvíkjandi ágreiningi fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík við prest hans, séra Lárus Halldórsson, er komist svo að orði, að atferli 4 fulltrúa fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík gagnvart nefndum presti safnaðarins »hafi eigi einungis verið ólöglegt og í alla staði ástæðulaust, heldur og jafnframt svo svivirðilegt og ódregilegt, að slíks séu naumast dæmi, að því er kunnugt sé, gagnvart heiðvirðum erindsreka kristindómsins hér á landi«.

Hinn stefndi Jón skósmiður Brynjólfsson, sem var einn af fulltrúum þeim, er beinst var að með framangreindum orðum, höfðaði mál út af þeim gegn áfryjanda, með því að hann taldi þau ærumeiðandi fyrir sig, og var mál það dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 19. nóv. f. á með þeim úrslitum, að þau ummæli, að atferli safnaðarfulltrúanna hafi verið svo svivirðilegt og ódregilegt, að o. s. frv., voru dæmd dauð og ómerk og áfryjandi dæmdur fyrir þau í 20 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara í 4 daga einfalt fangelsi. Svo skyldi áfryjandi og greiða stefnda í málskostnað 15 krónur.

Dómi þessum hefir áfryjandinn nú skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 10. des. f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að dóminum verði

breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda, en stefndi sektaður fyrir nokkur ummæli í sóknarskjölunum fyrir undirrétti og dæmdur í málskostnað til áfryjanda.

Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfryjaði dómur verði staðfestur og áfryjandi dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Það er viðurkennt í málinu, að stefndi hafi réttilega tekið hin átöldu ummæli til sín, og það er enginn vafi á því, að þau af þeim, er undirdómarinn hefir dæmt ómerk og sektað áfryjanda fyrir, eru saknæm meiðyrði, ef þau eru ósönn; en áfryjandi hefir haldið því fram, að þau séu á rökum bygð og að atferli safnaðarfulltrúanna, þar á meðal stefnda, sé réttilega lýst með þeim.

Í þessu tilliti hefir áfryjandi upplýst það, að safnaðarfulltrúarnir fjórir, þar á meðal stefndi, létu tilkynna frikirkjuprestinum, séra Lárusi Halldórssyni, uppsögn á þjónustu hans hjá söfnuðinum með tíorra daga fyrirvara, þótt safnaðarlögin heimiluðu honum miklu lengri uppsagnarfrest, og bættu þeir því við í uppsagnarbréfinu, að með því að prestinum væru kunnar ástæðurnar til uppsagnarinnar, þá vonuðust þeir þess, að hann neyddi þá ekki til að gjöra þær heyrum kunnar, því að slíkt mundi baka honum ilt eitt, en söfnuðinum mikil leiðindi. Hefir áfryjandi leitt það út úr þessum orðum uppsagnarbréfsins, að stefndi og fulltrúarnir dróttuðu að prestinum glæpsamlegu athæfi eða hneykslanlegu, er gjörði hann óhæfan til að vera lengur prestur safnaðarins, og álitur hann, að fulltrúarnir hafi með þessu og með því, að breiða þann óhróður

út á meðal safnaðarins og annara, að presturinn hafi gjört sig sekan í heimildarlausri peningatöku úr sparisjóðsbók kvenfélags frikirkjusafnaðarins, gjört sig seka í atferli, er réttilega væri nefnt svívirðilegt og ódregilegt.

Það er nú að vísu rétt, að í hinum tilfærðu orðum uppsagnarbréfsins virðist liggja aðdróttun til nefnds prests um athæfi, er gæfi söfnuðinum rétt til að losa sig við hann án löglegs fyrirvara, og það virðist ekki sannað í málinu, að þessi aðdróttun hafi verið á rökum byggð.

Hins vegar er það ljóst af framkomnum vitnisburðum og skýrslum málsaðila, að safnaðarfulltrúarnir hafa verið þeirrar skoðunar, að presturinn hafi gjört sig sekan í hegningarverðum verknadi, eða þó svo vítaverðum, að hann gæti eigi lengur verið prestur safnaðarins, með því að fá til láns handa sjálfum sér hjá kvenfélagi safnaðarins fjárupphæð, er félagið hafði lofað til styrktar kirkjubyggingu safnaðarins. Og þessi skoðun var all-almenn meðal safnaðarmanna og annara manna í bænum, án þess að sannað sé, að fulltrúarnir, eða stefndi sérstaklega, hafi unnið að útbreiðslu hennar, frekara en staða þeirra eða hans sem stjórnenda safnaðarins hlaut að leiða með sér.

Jafnvel þótt þessi skoðun safnaðarfulltrúanna, eftir því, sem áður er tekið fram, virðist eigi hafa verið á rökum byggð, þá var áfrýjanda eigi heimilt að viðhafa um atferli þeirra, er var bein afleiðing þessarar skoðunar þeirra, þau ummæli, að atferli þeirra væri svívirðilegt og ódregilegt, og verður því að dæma

Þessi ummæli dauð og ómerk og sekta áfrýjanda fyrir þau, eins og undirdómarinn hefir gjört. Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Áfrýjanda ber og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, uppgjafaprestur Jón Bjarnason, stefnda Jóni skósmið Brynjólfssyni 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 5/1904: Hreppsnefndir Eiða- og Vallahrepps  
gegna  
hreppsnefnd Hjaltastadahrepps.

D ó m u r:

Áfrýjunarstefnan í máli þessu, sem gefin var út 22. marz þ. á., var birt hinni stefndu hreppsnefnd 21. aprílmán. þ. á. og héraðsdómaranum 26. s. m., en málið féll í rétt í yfirdóminum 30. maí síðastl. Stefnan hefir þannig eigi verið birt hlutaðeigendum með þeim fyrirvara, er lög ákveða, sbr. tilsk. 11. júlí 1800, 15. gr., og ber því, samkvæmt kröfu hins skipaða